

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

7. febrúar 2020

Minnisblað: Staða ferðaþjónustunnar á Norðurlandi

Fundi stjórnar Markaðsstofu Norðurlands með ráðherra ferðamála hefur verið frestað fram í mars og vill stjórnin því koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri. Þetta eru þau atriði sem helst brenna á ferðaþjónustunni á Norðurlandi og nauðsynlegt að þeim sé haldið á lofti inni í umræðu um ferðaþjónustuna og ákvarðanatöku.

- Farþegarbrestur hefur orðið vegna falls WOW Air og nú eru til viðbótar að raungerast afbókanir vegna Coronaveirunnar. Þetta gerir fyrirtækjum í rekstri á svæðinu mjög erfitt fyrir og bætist ofaná launahækkanir og skrið á almennum rekstrarkostnaði.
- Staða ferðaþjónustunnar á Norðurlandi nú í vetur er mjög erfið og hafa ekki sést sambærilegar lokanir þjónustufyrirtækja í amk 5 ár. Mest sóttu svæðin yfir vetrartímann sem eru auk Akureyrar, Mývatnssveit og Húsavík, hafa nú verið með mjög lítið aðgengi að gistingu, veitingum og afþreyingu frá lokum nóvember. Engin aukning er í opnun yfir vetrartímann á öðrum svæðum en það hefur verið markmið ferðaþjónustunnar um árabíl að auka vetrarferðaþjónustu.
- Fækkun fyrirtækja er greinileg, gjaldþrot, sameiningar eða yfirtökur. Minnstu fyrirtækin loka hjá sér og eigendur hverfa til annarra starfa enda hafa litlir aðilar fáa möguleika á sameiningum sem gætu orðið til þess að bæta reksturinn. Sameiningar eru ekki alltaf góður kostur fyrir jaðarsvæði og á eftir að koma í ljós hvort eftir standa öflugar starfsstöðvar á Norðurlandi eða hvort langtímaáhrifin verða þau að höfuðstöðvar verða í Reykjavík og útibú úti á landi.
- Búið er að hætta alveg við fjárfestingu í einu hóteli á Akureyri og ekkert sýnilegt framundan með aðrar fjárfestingar í hótelum á svæðinu en þónokkur verkefni hafa verið á teikniborðinu. Staðan nú hefur þau áhrif að þessi verkefni hafa frestast.
- Greinilega hefur þrengt að fjármagni innan ferðaþjónustunnar og rekstrarumhverfi fyrirtækjanna er erfitt. Greiðslur berast ekki frá kaupendum þjónustu sem hefur síðan snjóboltaáhrif hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem hafa ekki bolmagn til að standa af sér töf á greiðslum eða greiðslufall.
 - Fyrirgreiðslur frá bönkum eru litlar sem engar og lánsfjármagn mjög takmarkað
 - Kortafyrirtækin hafa hert tókin á útgreiðslu á fyrirframgreiddum ferðum
- Vegna árstíðarsveiflunnar sem hefur verið mjög mikil á svæðinu og er enn meiri nú í vetur eru ekki margir kostir fyrir fólk nema loka og finna sér aðra vinnu á veturna en þau störf liggja ekki á lausu nema fólk flytji hreinlega af svæðinu. Uppsagnir eru á starfsfólki og fólk ráðið inn einungis í sumarvertíð. Það hefur síðan áhrif á möguleika til eflingu gæða, þjónustu og menntunar starfsmanna. Síðan á eftir að koma í ljós hvort fyrirtækin munu aftur reyna að halda út rekstri yfir vetrartímann en ekki er hægt að ná fólki til baka ef þjónustan er ekki til staðar, þ.e. það gætu orðið töluverð langtímaáhrif á þróun ferðaþjónustunnar.

- Vegurinn að Dettifossi lokaður, alveg óháð því hvort er færi eða ekki, Vegagerðin fer ekki uppeftir og athugar málið. Þjónustan er ekki til staðar, hvorki varðandi mokstur né varðandi upplýsingagjöf um aðstæður. Því er ekki hægt að fara með ferðamenn þangað og þeir komast ekki sem eru að ferðast á eigin vegum. Einnig er ófært að Hvítserk þar sem ekki er mokað að bílastæðinu en þessar tvær náttúruperlur eru þær þekktustu á svæðinu og óviðunandi að aðgengi að þeim sé ekki tryggt allt árið.
- Nýting á gistirýmum og innviðum á svæðinu er mjög léleg yfir vetrartímann og má sem dæmi nefna að um 1 milljón gistinátta á Norðurlandi er ónýtt á hverju ári og auðvelt að reikna tekjutap af því, bæði gistingunni sjálfri og annarri þjónustu sem veita mætti gestum sem nýttu þessa aðstöðu s.s. veitingar og afþreyingu.
- Það má segja að það sé loðnubrestur í ferðaþjónustunni og það eru engar bætur eða bjargráð í því, þetta geta orðið veruleg áföll fyrir landsbyggðina þar sem ferðaþjónustan er ekki lengur aukabúgrein heldur undirstöðuatvinnugrein.

Það er ekki nóg með að ferðaþjónustan sé að vinna með erfiðar þjóðhagslegar aðstæður, launahækkanir og fækkun ferðamanna heldur er staðan sú að fólk kemst ekki hingað á svæðið eða á þá staði sem það vill sjá því innviðirnir eru ekki til staðar. Upplifun ferðaþjónustunnar á Norðurlandi er sú að landsbyggðin er illa aðgengileg á veturna vegna þess að innviði skortir. Vegir eru lokaðir, innanlandsflugið erfitt í sölu, ekkert tengiflug í gegnum Keflavíkurflugvöll, lélegar landsamgöngur, erfitt aðgengi að þeim almenningssamgöngum sem eru til staðar og erfitt aðgengi að náttúruperlum. Það má í raun segja að ferðamenn komi hingað á viljastyrk einum saman. Ef fólk kæmist norður á einfaldan hátt þá væri staðan allt önnur en markaðssetning skilar takmörkuðu ef menn komast ekki á svæðið. Ef ferðaþjónustan á að dafna mv núverandi aðstæður þá þarf allt landið að vera aðgengilegt fyrir þá ferðamenn sem koma til landsins.

Hér eru hins vegar mikil tækifæri og langt frá því að aðilar í ferðaþjónustu séu búnir að gefa upp vonina. Miklar vöruþróunarhugmyndir eru á svæðinu og og vinna við nýsköpunarhugmyndir stöðugt í gangi, hins vegar vantar ferðamenn til þess að þessar hugmyndir geti raungerst. Engar aðstæður eru nú til nýsköpunar á þessum markaði og varla aðstæður fyrir fyrirtæki til að þrúka nema komi stuðningur frá hinu opinbera s.s. styrkir, uppbygging, beint flug eða tengiflug.

Það er mat stjórnar MN að ef ekkert er að gert á vegum hins opinbera með innspýtingu eða innleggi, til dæmis í formi markaðssetingar, nýjum leiðum inn í landið, uppbyggingu á vegakerfi og áfangastöðum má gera ráð fyrir að tjónið verði mjög mikið og áhrifin langvarandi.

Því viljum við leggja áherslu á að ef stjórnvöldum er alvara með að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki til þess að efla hagvöxt og byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu þá er mikilvægt að vinna í þeim málum sem hér hafa verið talin upp. Nauðsynlegt er að horfa til þess hver staða ferðaþjónustunnar verður til lengri tíma ef ekkert er að gert, byggja þarf upp innviði og tengileiðir við umheiminn og gera þarf átak í markaðssetningu til að rétta stöðuna.

Virðingarfyllt

Arnheiður Jóhannsdóttir

Framkvæmdastjóri